

Yfirlýsing frá Fulltrúa Samfylkingar í Stjórn Orkuveitunnar vegna tillögu meirihluta stjórnar Orkuveitunnar um framtíð REI:

Tillagan sem meirihluti Orkuveitunnar lagði fram á stjórnarfundi nú í dag stríðir gegn samþykktum frá síðasta eigendafundi OR og niðurstöðu stýrihops borgarráðs sem samþykktar voru við mikinn fögnuð í borgarráði fyrir aðeins fáeinum vikum.

Gangi tillagan eftir útilokar hún að Orkuveitan geti hagnast á virkjunarframkvæmdum erlendis. Tillagan rýrir þannig verðgildi REI og brýtur fyrirtækið niður innanfrá.

Þessi skrípaleikur allur, er til marks um að meirihlutinn er óstarfhæfur, illa ígrundaðar og beinlínis skaðlegar tillögur eru lagðar fram, til að bregðast við upphlaupum innan borgarfulltrúahóps sjálfstæðismanna.

Tillagan er einnig í hróplegu ósamræmi við þær skuldbindingar sem stjórnarformaður og varaformaður stjórnna hafa skrifað undir að undanfögnu á ferðalögum sínum um heiminn.

Skömm Sjálfstæðismanna í Reykjavík er með þessu komin í sjálfstæða útrás þar sem hún mun nema nýjar lendar með samþykkt á þessari tillögu.

Sigrún Elsa Smáradóttir